

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar,  
læknis í Hafnarfirði.

1. gr.

*Stofnendur.*

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörns-  
sonar, læknis í Hafnarfirði. Sjóðurinn er stofnaður af afkomendum Helgu og Bjarna. Hann  
starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá,  
nr. 19/1988. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.  
Heimili og varnarbing sjóðsins er í Hafnarfirði.

2. gr.

*Tilgangur og starfsemi.*

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til að hlúa að hagsmunamálum og velferð barna í  
Hafnarfirði allt að 18 ára aldri. Einkum skulu veittir styrkir til starfsemi á vegum einstak-  
linga, samtaka, fyrirtækja og opinberra aðila sem veita börnum, sem eiga við erfiðleika að  
etja vegna fötlunar, sjúkdóma eða félagslegra aðstæðna, þjónustu og aðstoð.

3. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 650.000, fengið með framlögum frá stofnendum.

4. gr.

*Frekari framlög og ávöxtun fjár.*

Sjóðurinn aflar og tekur á móti öllum frekari fjárfamlögum, hvort sem er frá stofn-  
endum eða öðrum eð veita vilja markmiðum hans brautargengi. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta  
með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfalyrtæki eða viðskipta-  
banka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til sam-  
þykktar fyrirfram.

5. gr.  
*Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur aðilum, formanni, gjaldkera og ritara, svo sem hér segir:

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tilnefnir einn fulltrúa til fjögurra ára í senn og einn til vara.
2. Sóknarpresturinn í Hafnarfjarðarkirkju skal eiga sæti í stjórninni, nema hann kjósi að tilnefna annan fulltrúa í sinn stað til fjögurra ára. Hann tilnefnir varamann fyrir sig eða fulltrúa sinn, til sama tíma.
3. Stofnendur sjóðsins tilnefna einn fulltrúa og einn til vara úr hópi afkomenda Bjarna Snæbjörnssonar og Helgu Jónasdóttur. Að fjórum árum liðnum getur aðalmaður óskað eftir að varamaður taki sæti hans. Hinn nýi aðalmaður tilnefnir þá varamann sinn úr hópi afkomenda hjónanna. Sami maðurinn skal aldrei sitja lengur en átta ár samfleytt í stjórn sjóðsins sem fulltrúi stofnenda.

Fulltrúi stofnenda gegnir starfi formanns stjórnar. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Formaður kallar stjórnina saman til fundar. Hann kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvárdanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmekilega þær ákvárdanir er teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almánaksár.

6. gr.  
*Ráðstöfun fjárlagsskrá.*

Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum og setur sér frekari úthlutunaregлur á grundvelli 2. gr. skipulagsskrár þessarar. Ekki er heimilt að veita hærri styrki úr sjóðnum á ári en nemur árlegri ávöxtun sjóðsins.

Stjórnarmenn hljóta ekki þóknun fyrir setu í stjórn sjóðsins

7. gr.  
*Breytingar á skipulagsskrá.*

Nafni sjóðsins og meginmarkmiðum verður ekki breytt.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari, en til þess þarf samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðherra.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til að leggja sjóðinn niður. Skal eignum hans þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

Stofnendur sjóðsins, sem eru afkomendur Helgu Jónasdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, samþykka hér með að leita eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á ofangreindri skipulagskrá. Þeir samþykka enn fremur að tilnefna Bjarna Jónasson, sonarson hjónanna, kt. 210549-3239, sem aðalfulltrúa stofnenda í stjórn sjóðsins, og Árna Snæbjörnsson, sonarson hjónanna, kt. 120755-3079, sem varamann hans, sbr. 3. tl. 1. mgr. 5. gr. skipulagsskráinnar.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. nóvember 2004.*

F. h. r.  
**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*